



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úrræði fyrir fólk í ósamþykktu húsnæði**

Á fundi borgarráðs þann 10. mars 2022 var lögð fram meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Nú er verið að vísa fólk út af áfangaheimilinu Betra Líf þar sem húsnæðið uppfyllir ekki skilyrði eldvarnareglugerðar. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort búið sé að gera ráðstafanir hvar þetta fólk eigi að búa? Spurt er einnig hvort búið sé að finna húsnæði eða úrræði fyrir aðra sem kunna að vera bornir út af heimilum sínum vegna ófullnægjandi brunavarna? Fulltrúi Flokks fólksins hefur áður rætt þessi mál einna helst í kjölfar mannskæðs bruna á Bræðraborgarstíg fyrir tveimur árum. Vitað er á ákveðinn hápur býr í ótryggu húsnæði þegar kemur að brunavörnum, ósamþykktu húsnæði í sumum tilfellum. Í þeirri erfiðu tíð sem ríkir á húsnæðismarkaði eru fátækir og efnaminna fólk nauðbeygt til að leita sér skjóls í húsnæði sem jafnvel telst ekki vera mannabústaðir. Vegna fátæktar verður fólk að leigja sér húsnæði sem jafnvel er skipulagt undir atvinnustarfsemi en nýtt til íbúðar fyrir einstaklinga. Því erfiðari sem húsnæðismarkaðurinn er fátæku og efnalítlu fólk, aukast líkur þess að fólk finni sér skjól í ósamþykktu, hættulegu húsnæði þar sem brunavörnum er oft ábótavant. Þetta er mikið áhyggjuefni.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 16. mars sl.

Svar við fyrirspurn:

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði var unnið með þeim sex aðilum sem dvöldu á Betra lífi og voru með þjónustu á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Þeim var boðin aðstoð við að finna annað húsnæði og umsóknir þeirra um félagslegt leiguhúsnæði voru endurmetnar, með tilliti til þeirrar stöðu sem upp var komin. Ennfremur voru einstaklingar aðstoðaðir við að komast inn á önnur áfangheimili. Fimm af þeim sex einstaklingum sem um ræðir eru annaðhvort komnir í leiguhúsnæði eða önnur viðeigandi úrræði.

Í skýrslu starfshóps á vegum Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar, ASÍ og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sem vann að kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu undir formerkjum átaksins „Örugg búseta fyrir alla” og var kynnt í apríl síðastliðnum kemur fram að 1.868 einstaklingar búi í atvinnuhúsnæði og þar af eru 19 börn. Að mati starfshópsins býr helmingur hópsins í húsnæði með ásættanlegum brunavörnum en þörf er á að skoða betur um fjórðung húsnæðisins til að yfirfara brunavarnir betur. Um 46 % íbúanna búa í Reykjavík. Ef skoðaður er samanburður á milli hlutfalls íbúa í atvinnuhúsnæði af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags þá kemur í ljós að hlutfallið er hæst í Hafnarfirði en þar



## Reykjavíkurborg

eru 1,6% íbúa búsettir í atvinnuhúsnæði. Í Kópavogi eru 1,2% íbúar, 0,7% íbúar í Reykjavík, 0,6% í Garðabæ, 0,6% í Mosfellsbæ og 0,3% íbúar á Seltjarnarnesi.

Eldvarnareftirlit slökkviliðsins hefur farið í endurkomur til að skoða nánar ástand brunavarna og af þeim heimilisföngum þar sem börn hafa verið skráð eru þrjú í Reykjavík. Barnavernd Reykjavíkur hefur verið tilkynnt um þau mál og hefur fulltrúi BR verið í samskiptum við SHS vegna þeirra. Velferðarsvið mun fylgjast mjög vel með þróun þessara mála í gegnum slökkvilið höfuðborgarsvæðisins til að tryggja að upplýsingagjöf og leiðbeiningar berist til viðkomandi einstaklinga.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari